

KJARASAMNINGUR

SAMBANDS ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

F.H. ÞEIRRA SVEITARFÉLAGA OG
ANNARRA AÐILA SEM HÚN HEFUR
SAMNINGSUMBOÐ FYRIR

OG

**KJARADEILD VERKFRÆÐINGAFÉLAGS ÍSLANDS,
KJARAFÉLAG TÆKNIFRÆÐINGAFÉLAGS ÍSLANDS OG
STÉTTARFÉLAG BYGGINGAFRÆÐINGA**

SAMKOMULAG UM BREYTINGAR OG FRAMLENGINGU

GILDISTÍMI:

1. MARS 2014 - 31. ÁGÚST 2015

EFNISYFIRLIT

1.	Inngangur	3
2.	Framlenging gildandi kjarasamninga	3
3.	Almenn launahækkun.....	3
4.	Desemberuppbót (persónuuppbót)	3
5.	Orlofsuppbót	4
6.	Frídagar vegna yfirvinnu.....	4
7.	Persónuálag vegna fagreynslu og símenntunar	5
8.	Persónuálag vegna viðbótarmenntunar.....	5
9.	Gildistími.....	7
10.	Bókanir.....	8
11.	Fylgiskjal I – Launatafla.....	9

**Samband íslenskra sveitarfélaga
og Kjaradeild Verkfræðingafélags Íslands,
Kjarafélag Tæknifræðingafélags Íslands og
Stéttarfélag Byggingafræðinga gera með sér svofellt samkomulag
um breytingar og framlengingu á kjarasamningum aðila**

1. INNGANGUR

Aðilar eru sammála um að halda áfram samvinnu á grundvelli samkomulags aðila vinnumarkaðarins og stjórnvalda þar sem sett hafa verið fram markmið um aukinn kaupmátt launa, verðstöðugleika og bætt vinnubrögð við gerð kjarasamninga.

2. FRAMLENGING GILDANDI KJARASAMNINGA

Kjarasamningar aðila framlengjast frá 1. mars 2014 til 31. ágúst 2015 með þeim breytingum sem í samkomulagi þessu felast og falla þá úr gildi án frekari fyrirvara.

3. ALMENN LAUNAHÆKKUN

Þann 1. mars 2014 skulu laun og launataxtar samkv. gr. 1.1.1 í kjarasamningi aðila hækka í samræmi við launatöflu í fylgiskjali I.

Grein 1.1.1 hljóði svo:

Mánaðarlaun þeirra sem gegna fullu starfi, skulu greidd skv. launatöflu, í fylgiskjali I:

Launatafla, gildistími: 1. mars 2014 – 31. ágúst 2015.

Útgefin launatafla nær yfir alla launaflokka sem miðað er við í kjarasamningi þessum. Við launaflokk leggst einstaklingsbundið persónuálag í samræmi við viðeigandi ákvæði í 10. kafla samnings þessa og myndar þannig dagvinnulaun viðkomandi starfsmanns. Laun þessi eru viðmiðun vegna afleiddra launategunda, s.s. tímakaups í yfir- og dagvinnu og lífeyrisgreiðslna B-deilda opinberra lífeyrissjóða eða sambærilegra deilda slíkra sjóða.

4. DESEMBERUPPBÓT (PERSÓNUUPPBÓT)

Grein: 1.7.1 um desemberuppbót hljóði svo:

1.7.1 Desemberuppbót verður sem hér segir:

Á árinu 2014 kr. 87.500

Starfsmaður í fullu starfi fær greidda desemberuppbót 1. desember ár hvert. Með fullu starfi er átt við 100% starf tímabilið 1. janúar til 30. nóvember sama ár. Hafi starfsmaður gegnt hlutastarfi eða starfað hluta úr ári, skal hann fá greitt miðað við starfshlutfall og/eða starfstíma, þó þannig að hann hafi starfað samfellt a.m.k. frá 1. september það ár.

Það sama gildir um tímavinnufólk og miðast óskert fjárhæð við 1504 unnar dagvinnustundir á framangreindu viðmiðunartímabili.

Starfsmaður sem lætur af störfum á árinu, en hafði þá starfað samfellt í a.m.k. 6 mánuði skal einnig fá greidda desemberuppbót miðað við starfstíma og starfshlutfall á árinu. Hlutfall skv. þessari málsgrein er reiknað sem hlutfall af fullri vinnu (100%) í 12 mánuði á almanaksárinu af desemberuppbót þess árs.

5. ORLOFSUPPBÓT

Grein: 1.8.1 um orlofsuppbót hljóði svo:

1.8.1 Orlofsuppbót verður sem hér segir:

1. maí 2014 kr. 41.200

1. maí 2015 kr. 42.000

Hinn 1. maí ár hvert skal starfsmaður sem er í starfi til 30. apríl fá greidda sérstaka eingreiðslu, orlofsuppbót, er miðast við fullt starf næstliðið orlofsár. Greitt skal hlutfallslega miðað við starfshlutfall og starfstíma.

Það sama gildir um tímavinnufólk og miðast óskert fjárhæð við 1.504 unnar dagvinnustundir á framangreindu viðmiðunartímabili.

6. FRÍDAGAR VEGNA YFIRVINNU

Grein 2.3.8. hljóði svo:

Heimilt er starfsmanni, með samkomulagi við vinnuveitanda, að safna allt að 10 frídögum á ári vegna yfirvinnu, á þann hátt að yfirvinnutímar komi til uppsöfnunar en yfirvinnuálagið er greitt við næstu reglulegu útborgun.

Frí vegna yfirvinnu frá fyrra ári, sem ekki hefur verið nýtt fyrir 15. apríl ár hvert, skal greitt út sem dagvinnustundir við næstu reglulegu útborgun.

Yfirvinnuálag er 44,44% af yfirvinnutímakaupi starfsmanns. Yfirvinnuálag skal ekki tekið út í fríi, heldur skal það greitt við næstu reglulegu útborgun, þ.e. þegar yfirvinnan ella hefði komið til greiðslu.

7. PERSÓNUÁLAG VEGNA FAGREYNSLU OG SÍMENNTUNAR

Þann 1. mars 2014 breytist persónuálag vegna árlegar þáttöku í símenntunaráætlun þannig að persónuálag vegna 13 ára fagreynslu fellur niður.

Grein 10.2.2 hljóði svo:

10.2.2. Persónuálag vegna fagreynslu og símenntunar.

Starfsmenn skulu fá persónuálag vegna árlegrar þáttöku í símenntunaráætlun sem hér segir:

- 2 % eftir 1 árs fagreynslu í starfsgrein sinni.
- Samtals 4% eftir 3 ára fagreynslu í starfsgrein sinni.
- Samtals 6% eftir 5 ára fagreynslu í starfsgrein sinni.
- Samtals 8% eftir 9 ára fagreynslu í starfsgrein sinni.

Þeir sem náð hafa 13 ára fagreynslu við gildistöku samningsins og hafa fengið 2% persónuálag vegna þess, halda því meðan þeir eru í samfelldu starfi hjá sama vinnuveitanda.

Til að fá fagreynslu í starfsgrein metna þarf starfsmaður að leggja fram gögn sem staðfesti þann starfstíma (vinnuveitandavottorð).

Hálfur mánuður og stærra brot úr mánuði telst sem heill mánuður.

Við mat á starfstíma til persónuálags teljast launaðar veikindafjarvistir sem og lögbundið fæðingarorlof (sem er almennt ekki meira en 6 mánuðir).

Starfstími tímavinnufólks er ekki metinn til persónuálags.

Tímavinnustarfsmaður heldur þó áunnu persónuálagi vegna fyrri starfa hjá sveitarfélagi (gildir frá og með 1. maí 2011).

Forsenda persónuálags þessa er staðfest þáttaka í símenntunaráætlun stofnunar eða starfseiningar. Hlutur starfsmannsins skal vera persónubundinn að því leyti að áætlunin taki til sameiginlegra þarfa hans og beirrar stofnunar eða skipulagsheildar sem hann er hluti af. Hún skal beinast fyrst og fremst að fagsviði starfsmannsins með það að markmiði að starfsmaðurinn þróist á sérsviði sínu í þágu heildarinnar. Áætlunin skal að jafnaði undirbúin gagnvart hverjum og einum starfsmanni eftir starfsþróunarsamtal.

Í janúar á ári hverju skal þáttaka í símenntunaráætlun næstliðins árs metin. Hafi starfsmaður neitað að taka fullnægjandi þátt í áætluninni missir hann það persónuálag sem hér um ræðir þar til endurmat fer fram að ári. Ekki er forsenda fyrir því að starfsmaður missi framangreint persónuálag nema að sveitarfélag eða viðkomandi stofnun hafi gert starfsmönnum kleift að taka þátt í áætluninni.

8. PERSÓNUÁLAG VEGNA VIÐBÓTARMENNTUNAR

Grein 10.2.3 hljóði svo:

10.2.3 Persónuálag vegna viðbótarmenntunar

Fyrir hverjar 30 ECTS einingar í háskólanámi, umfram grunnnám þ.e. 3 til 4 ár s.s. BS, próf, sem er áfangi að formlegri prófgráðu s.s. diplóma- eða mastersgráðu fær starfsmaður 2% persónuálag, enda nýtist námið í starfi. Forsenda fyrir veitingu persónuálags skv. þessari grein er að starfsmaður hafi lokið formlegri prófgráðu.

Meginreglan við mat á námi er sú að einingar eru aldrei tvítaldar og að menntunin nýtist í starfi.

Hækkun samkvæmt grein þessari skal taka gildi næstu mánaðamót eftir að starfsmaður leggur fram fullnægjandi gögn um námið. Hámark persónuálags samkvæmt greininni er 24%, nema þegar starfsmaður hefur lokið doktorsprófi en þá er hámarkið 30%.

Þeir sem við gildistöku samningsins hafa fengið 4% persónuálag vegna mats á grunnnámi umfram 180 ECTS í BS prófi, halda persónuálaginu meðan þeir eru í samfelldu starfi hjá sama vinnuveitanda.

Þeir sem við gildistöku samningsins hafa fengið persónuálag vegna mats á tvöföldu BS. prófi halda persónuálaginu meðan þeir eru í samfelldu starfi hjá sama vinnuveitanda.

9. GILDISTÍMI

Kjarasamningar aðila framlengjast frá 1. mars 2014 til 31. ágúst 2015 með þeim breytingum sem í samkomulagi þessu felast og falla þá úr gildi án frekari fyrirvara.

Samningsaðilar skulu bera samning þennan upp til afgreiðslu fyrir 4. júlí. júní 2014. Hafi gagnaðila ekki borist tilkynning um niðurstöðu fyrir kl. 12:00 þann 4. júlí 2014 skoðast samningurinn samþykktur.

Reykjavík, 20. júní 2014

F.h. Sambands íslenskra sveitarfélaga, F.h. Kjaradeildar Verkfræðingafélags
með fyrirvara um samþykki stjórnar Íslands, með fyrirvara um samþykki
félagsmanna

F.h. Kjarafélags Tæknifræðingafélags
Íslands, með fyrirvara um samþykki
félagsmanna

F.h. Stéttarfélags Byggingafræðinga, með
fyrirvara um samþykki félagsmanna

10. BÓKANIR

Bókun 1 um 0,1% iðgjald af heildarlaunum

Frá og með gildistöku samkomulags þessa verði iðgjald sem nemur 0,1% af heildarlaunum félagsmanna lagt á sérstakan reikning þar til aðilar hafa komið sér saman um framtíðarráðstöfun þess.

Bókun 2 um samráðsnefnd KVFÍ, KTFÍ og SFB og Sambands íslenskra sveitarfélaga

Aðilar eru sammála um að fela samráðsnefndum ofangreindra aðildarfélaga og Sambands íslenskra sveitarfélaga yfirumsjón með eftirfarandi samstarfsverkefnum á samningstímanum:

- Að taka til sérstakrar skoðunar mögulegar útfærslur kerfa sem meta til launa árangur, frammistöðu og hæfni einstaklinga með það að markmiði að taka upp slíkt kerfi.
- Verði Sambands íslenskra sveitarfélaga, við gildistöku næsta kjarasamnings, fullgildur aðili að Starfsþróunarsetri háskólamanna verður skoðað hvernig hagað verði sambærilegu framlagi sveitarfélaga til starfsþróunar félagsmanna KVFÍ, KTFÍ og SFB fái þau ekki aðild að Starfsþróunarsetri háskólamanna..

Bókun 3 um endurskoðun á starfaskilgreiningum

Aðilar endurskoði starfaskilgreiningar og launaroðun. Í því felst m.a. að unnar verði tillögur að skýrari starfaskilgreiningum. Niðurstaða liggi fyrir í síðasta lagi 1. mars 2015 og verði lögð til grundvallar í næstu kjaraviðræðum. Nánari útfærsla og tímasett aðgerðaráætlun verði hluti af viðræðuáætlunum aðila.

Bókun 4 um viðræðuáætlanir

Aðilar eru sammála um að ganga frá viðræðuáætlunum eigi síðar en 15. september 2014. Í viðræðuáætlun verði skilgreind atriði, sem aðilar vilja ræða sameiginlega.

11. FYLGISKJAL I – LAUNATAFLA

Launatafla									
Gildir frá 1. apríl 2014 til 31. ágúst 2015									
L.fl.	Grunn-laun	Persónu-álag 2%	Persónu-álag 4%	Persónu-álag 6%	Persónu-álag 8%	Persónu-álag 10%	Persónu-álag 12%	Persónu-álag 14%	
20	321.756	328.191	334.627	341.062	347.497	353.932	360.367	366.802	
21	326.583	333.114	339.646	346.178	352.709	359.241	365.773	372.304	
22	331.481	338.111	344.741	351.370	358.000	364.630	371.259	377.889	
23	336.454	343.183	349.912	356.641	363.370	370.099	376.828	383.557	
24	341.500	348.330	355.160	361.990	368.820	375.650	382.480	389.310	
25	346.623	353.555	360.488	367.420	374.353	381.285	388.218	395.150	
26	351.822	358.859	365.895	372.932	379.968	387.004	394.041	401.077	
27	357.100	364.242	371.384	378.526	385.668	392.810	399.952	407.094	
28	362.456	369.705	376.954	384.203	391.453	398.702	405.951	413.200	
29	367.893	375.251	382.609	389.967	397.324	404.682	412.040	419.398	
30	373.411	380.880	388.348	395.816	403.284	410.752	418.221	425.689	
31	379.012	386.593	394.173	401.753	409.333	416.914	424.494	432.074	
32	384.698	392.392	400.086	407.780	415.473	423.167	430.861	438.555	
33	390.468	398.278	406.087	413.896	421.706	429.515	437.324	445.134	
34	396.325	404.252	412.178	420.105	428.031	435.958	443.884	451.811	
35	402.270	410.315	418.361	426.406	434.452	442.497	450.542	458.588	
36	408.304	416.470	424.636	432.802	440.968	449.135	457.301	465.467	
37	414.429	422.717	431.006	439.294	447.583	455.872	464.160	472.449	
38	420.645	429.058	437.471	445.884	454.297	462.710	471.122	479.535	
39	426.955	435.494	444.033	452.572	461.111	469.650	478.189	486.728	
40	433.359	442.026	450.693	459.361	468.028	476.695	485.362	494.029	
41	439.859	448.657	457.454	466.251	475.048	483.845	492.643	501.440	
42	446.457	455.387	464.316	473.245	482.174	491.103	500.032	508.961	
43	453.154	462.217	471.280	480.343	489.407	498.470	507.533	516.596	
44	459.952	469.151	478.350	487.549	496.748	505.947	515.146	524.345	
45	466.851	476.188	485.525	494.862	504.199	513.536	522.873	532.210	
46	473.854	483.331	492.808	502.285	511.762	521.239	530.716	540.193	
47	480.961	490.581	500.200	509.819	519.438	529.058	538.677	548.296	
48	488.176	497.939	507.703	517.466	527.230	536.993	546.757	556.520	
49	495.498	505.408	515.318	525.228	535.138	545.048	554.958	564.868	
50	502.931	512.990	523.048	533.107	543.165	553.224	563.283	573.341	
51	510.475	520.684	530.894	541.103	551.313	561.522	571.732	581.941	
52	518.132	528.495	538.857	549.220	559.583	569.945	580.308	590.670	
53	525.904	536.422	546.940	557.458	567.976	578.494	589.012	599.531	
54	533.793	544.468	555.144	565.820	576.496	587.172	597.848	608.523	
55	541.799	552.635	563.471	574.307	585.143	595.979	606.815	617.651	

Launatafla								
Gildir frá 1. apríl 2014 til 31. ágúst 2015								
L.fl.	Grunn-laun	Persónu-álag 2%	Persónu-álag 4%	Persónu-álag 6%	Persónu-álag 8%	Persónu-álag 10%	Persónu-álag 12%	Persónu-álag 14%
56	549.926	560.925	571.923	582.922	593.921	604.919	615.918	626.916
57	558.175	569.339	580.502	591.666	602.829	613.993	625.156	636.320
58	566.548	577.879	589.210	600.541	611.872	623.203	634.534	645.865
59	575.046	586.547	598.048	609.549	621.050	632.551	644.052	655.553
60	583.672	595.345	607.019	618.692	630.366	642.039	653.712	665.386
61	592.427	604.275	616.124	627.973	639.821	651.670	663.518	675.367
62	601.313	613.340	625.366	637.392	649.418	661.445	673.471	685.497
63	610.333	622.540	634.746	646.953	659.160	671.366	683.573	695.780
64	619.488	631.878	644.268	656.657	669.047	681.437	693.827	706.216
65	628.780	641.356	653.932	666.507	679.083	691.658	704.234	716.810
66	638.212	650.976	663.741	676.505	689.269	702.033	714.798	727.562
67	647.785	660.741	673.697	686.652	699.608	712.564	725.519	738.475
68	657.502	670.652	683.802	696.952	710.102	723.252	736.402	749.552
69	667.365	680.712	694.059	707.406	720.754	734.101	747.448	760.796
70	677.375	690.923	704.470	718.018	731.565	745.113	758.660	772.208

Launataflan er ekki birt hér í heild, en innheldur mánaðarlaun með persónuálagi frá 2% upp í 38%.